# ÚTGÁFULÝSING

## RAFRÆN ÚTGÁFA SKULDABRÉFA HJÁ NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ HF.

## 1. kafli

### Almennar upplýsingar um útgefanda

1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

| | |
|---|---|
| Nafn útgefanda: | HS Veitur hf., Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbær (hér eftir „útgefandi) |
| Kennitala: | kt. 431208-0590 |
| Heimild til útgáfu: | Stjórn félagsins veitti heimild til útgáfunnar. |

1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*
Júlíus Jón Jónsson, forstjóri og prókúruhafi, kt. 051250-3469

1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*
Útgefandi starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, [lögum nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja], lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sbr. breytingu með lögum nr. 58/2008 og vatnalögum nr. 15/1923 með síðari breytingum.

## 2. kafli

### Upplýsingar um útgáfuna

2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*
Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sími +354 440 4000, tekur við greiðslum vegna útgáfunnar og ráðstafar til útgefanda.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda, sjá viðauka „skilmálar flokks“.*

| | |
|---|---|
| Auðkenni: | HSVE 310138 |
| ISIN:: | IS0000029650 |
| Skilgreiningar: | Í útgáfulýsingu þessari skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu sem þeim er hér gefið<br>**Skuldabréfin**: Skuldabréf í skuldabréfaflokki þessum sem ber auðkennið HSVE 310138, eins og þau eru skilgreind í útgáfulýsingu þessari.<br>**Skuldabréfaeigendur:** Allir þeir sem eiga kröfur á útgefanda á grundvelli skuldabréfanna og geta framvísað staðfestingu á eign sinni á skuldabréfunum með sannarlegum hætti, t.a.m. með útskrift vörslureiknings hjá reikningsstofnun.<br>**Prófunardagur**: Þeir dagar sem útreikningur á fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfanna skal miðast við. Prófunardagar eru tveir talsins á ári hverju, í kjölfar birtingar ársreiknings annars vegar og árshlutareiknings fyrir fyrstu sex mánuði ársins hins vegar. Skal prófunardagur vera eigi síðar en 2 vikum eftir birtingu framangreindra árs- og árshlutareikninga. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársreikningi ársins 2018.<br>**Tengdir aðilar**: Aðilar sem uppfylla skilyrði 100. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.<br>**Nettó vaxtagreiðslur**: greiddir vextir langtímalána að frádregnum vaxtatekjum.<br>**Aðlögðu EBIT**: Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, leiðréttur fyrir einskiptis- og óreglulegum liðum.<br>**Eiginfjárhlutfall**: Bókfært eigið fé deilt með heildareignum. |
| Gjaldmiðill: | ISK |
| Vextir: | 2,98%, fastir vextir |
| Dagaregla: | 30/360 |
| Verðtrygging: | Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, með grunnvísitölu 447,16 þann 31. janúar |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| | 2018. Verðtryggður höfuðstóll skal uppreiknaður áður en vextir eru reiknaðir. |
| Greiðslur vaxta og höfuðstóls: | Höfuðstóll og vextir greiðast með 40 jöfnum greiðslum (annuity). Fyrsti greiðsludagur skal vera 31. júlí 2018 og á sex mánaða fresti þar á eftir á 31. degi mánaðarins („gjalddagar“).<br>Beri gjalddag upp á dag sem ekki er bankadagur skal greiðsludagur vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í skuldabréfum þessum telst vera virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi.<br>Greiðslustaður er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., og ber hver reikningsstofnun ábyrgð á útdeilingu greiðslna til skuldabréfaeigenda. |
| Útgáfudagur: | 31. janúar 2018 |
| Lokagjalddagi: | 31. janúar 2038 |
| Heildarútgáfa: | kr. 5.500.000.000 (krónur fimmþúsundogfimmhundruð milljónir) |
| Útgefið nú: | Kr. 5.500.000.000 (krónur fimmþúsundogfimmhundruð milljónir) |
| Nafnverðseining: | kr. 20.000.000 (krónur tuttugumilljónir) |
| Útreikningsaðili: | Útgefandi |
| Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins: | Er að endurfjármagna skuldabréfaflokk félagsins HSVE 08 01 ásamt því að tryggja langtímafjármögnun félagsins vegna fjárfestinga í nýjum verkefnum. |
| Uppgreiðsluheimild: | Útgefanda er óheimilt að greiða upp skuldabréfin. |
| Eftirlitsaðili: | Eftirlitsaðili er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur. |
| Hlutverk eftirlitsaðila: | Eftirlitsaðila ber að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjármálakvöðum og hvort útgefandi uppfyllir |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

önnur skilyrði skuldabréfaflokks. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila með tilkynningu á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar).

Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og samnings eftirlitsaðila við útgefanda.

Sérstök skilyrði:

a) **Tilkynning á vanefnd**: Útgefandi skuldbindur sig til að tilkynna skuldabréfaeigendum þegar í stað ef hann verður var við að hvers kyns vanefndartilvik samkvæmt skuldabréfunum hafi átt sér stað. Jafnframt skal útgefandi tilkynna um gjaldfellingarheimildir ef þær eru fyrir hendi hjá öðrum lánveitendum útgefanda. Tilkynning samkvæmt ákvæði þessu telst fullnægjandi sé hún birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar), sé útgefandi með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta, en annars sé hún send með ábyrgðarpósti.

b) **Fjárhagsleg skilyrði**: Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta neðangreindum fjárhagslegum skilyrðum sem taka mið af rekstri og efnahag samstæðu útgefanda:
   1. **Sjóðstreymiskvöð**: Nettó vaxtagreiðslur skulu ekki vera hærri en sem nemur 50% af aðlöguðu EBIT á hverju 12 mánaða tímabili.
   2. **Skuldsetning**: Vaxtaberandi skuldir í öðrum gjaldmiðlum en uppgjörsmynt félagsins skulu ekki vera hærri en 20% af heildar vaxtaberandi skuldum.
   3. **Eiginfjárhlutfall**: Eiginfjárhlutfall skal á hverjum prófunardegi vera 35% eða hærra.

   Framangreind fjárhagsleg skilyrði skulu reiknaðar af útgefanda á prófunardögum. Skal útgefandi senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan tveggja vikna frá prófunardegi og skal eftirlitsaðili birta skýrslu sína innan tveggja vikna þaðan í frá.
   **Viðmiðun:** Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdögum og rekstrarliðir miðast við undangengna 12 mánuði frá uppgjörsdögum.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

c) **Veðsetning eigna:** Útgefandi skuldbindur sig til þess að setja ekki eignir sínar að veði án skriflegs samþykkis 85% eigenda í skuldabréfaflokki þessum, miðað við fjárhæð.

d) **Jafn rétthár kröfur:** Kröfur samkvæmt skuldabréfaflokki þessum standa ávallt jafnar og óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eins eða fleiri skuldabréfaeiganda nema að sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigendanna. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að útgefandi kaupi skuldabréf í flokki þessum á markaði af einum eða fleiri skuldabréfaeigendum.

e) **Bann við breytingum á starfsemi eða tilgangi útgefanda:** Útgefandi skuldbindur sig til að skipta hvorki útgefanda upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög né gera verulegar breytingar á tilgangi útgefanda, nema að fengnu samþykki 75% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð. Þrátt fyrir framangreint er útgefanda ávallt heimilt að skipta tilteknum eignum sínum eða hluta rekstrar í félag að fullu í eigu útgefanda, enda er útgefanda óheimilt að selja slíkt félag að hluta til eða í heild án samþykkis 75% skuldabréfaeigenda.

f) **Upplýsingar:** Útgefandi skal birta alla útreikninga sína, sem og eftirlitsaðila, vegna sérstakra skilyrða opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar).

g) **Eftirlitsaðili:** Á hverjum tíma skal alltaf vera í gildi samningur við eftirlitsaðila sem skal vera starfandi á líftíma skuldabréfsins. Komi til þess að ekki sé til staðar samningur við eftirlitsaðila skal síðasti eftirlitsaðili starfa með óbreyttar heimildir á grundvelli útseldra tíma samkvæmt eigin verðskrá á kostnað útgefanda þar til nýr eftirlitsaðili hefur verið ráðinn til starfa. Ákvæði þessa efnis skal koma fram í samningi útgefanda við eftirlitsaðila.

h) **Arðgreiðslur o.fl**.: Útgefanda er ekki heimilt að greiða arð, kaupa eigin hlutabréf eða lækka hlutafé með

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

greiðslu til hluthafa nema slíkt sé sérstaklega heimilt samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins.

i) **Einkaleyfi**: Útgefandi hefur einkaleyfi á starfsemi sinni sbr. Raforkulög nr. 65/2003 og Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Verði breytingar á lögum þannig að einkaleyfi útgefanda verði fellt niður eða ógilt hafa skuldabréfaeigendur rétt til gjaldfellingar.

j) **Breyting á eignarhaldi**: Í Raforkulögum nr. 65/2003, er kveðið á um að eignarhald útgefanda þarf ávallt að vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Verði breytingar á lögum sem leiða til breytinga á eignarhaldi útgefanda eða ef meirihlutaeign eignarhalds útgefanda er ekki lengur hjá ríki, sveitarfélögum og/eða fyrirtækjum, sem eru alfarið í eigu þessara aðila, hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldabréfið.

Dráttarvextir: Greiði útgefandi ekki samningsbundnar afborganir og vexti á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeigendum heimilt að innheimta dráttarvexti, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni fjárhæð. Komi til þess að gjalddagi skuldabréfanna falli á dag sem ekki er bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er skuldabréfaeigendum ekki heimilt að innheimta dráttarvexti.

Gjaldfellingarheimildir: Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi innan þrjátíu (30) daga eftir gjalddaga er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Ef (i) fjárnám verður gert hjá útgefanda, (ii) önnur lán útgefanda að lágmarki að fjárhæð kr. 100.000.000 fyrir einstakar skuldbindingar eða samtals að fjárhæð kr. 250.000.000 eru gjaldfelld, (iii) fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, (iv) útgefandi leitar nauðasamninga, (v) eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða (vi) eignir útgefanda eru kyrrsettar

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| | sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendunum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga. Gjaldfelling er þó ekki heimild ef réttmætum mótbárum útgefanda og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Skal við mat á heimildum til gjaldfellinga skv. framangreindum (ii) lið horft til þess að fjárhæðir séu verðbættar samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, með sömu grunnvísitölu og skuldabréfin.<br><br>Verði útgefandi uppvís að brotum á sérstökum skilyrðum skuldabréfanna hefur hann þrjátíu og fimm daga til að bæta úr broti frá þeim degi að það á sér stað. Sé brot til staðar á þrítugasta og sjötta degi er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.<br><br>Hafi skuldabréfin ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fyrir 31. desember 2018 er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.<br><br>Komi til þess að gjaldfellingarheimild sé til staðar og einhver skuldabréfaeigandi hyggst nýta þá heimild skal ákvörðun um gjaldfellingu fara fram í samræmi við samþykktarferli fyrir gjaldfellingu. |
| Samþykktarferli fyrir gjaldfellingu: | Komi til þess að til staðar sé gjaldfellingarheimild er hverjum skuldabréfaeiganda heimilt að óska eftir fundi skuldabréfaeigenda þar sem ákvörðun skal tekin um hvort gjaldfella eigi skuldabréfin. Skulu skuldabréfaeigendur beina ósk um fund skuldabréfaeigenda til eftirlitsaðila sem annast fundarboðun og fundarstjórn fundar skuldabréfaeigenda.<br><br>Gjaldfelling telst samþykkt ef 15% skuldabréfaeigenda skv. framangreindu samþykkja hana. Allir skuldabréfaeigendur eru bundnir við ákvarðanir sem teknar eru á fundi skuldabréfaeigenda og teljast öll skuldabréfin gjaldfallin sé tekin ákvörðun um gjaldfellingu. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi er ekki heimilt að nýta gjaldfellingarheimildina og skal eftirlitsaðili þá án tafar afboða fundinn. |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| Fundur skuldabréfaeigenda: | Eftirlitsaðili sér um boðun fundar skuldabréfaeigenda og skal hann innan 2 (tveggja) daga fá ósk um fund senda útgefanda tilkynningu um fundarboðun og skal útgefandi birta slíka tilkynningu opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Fund skuldabréfaeigenda skal ávallt boða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara og skal fundarboðið tilgreina hvar og hvenær fundur skuldabréfaeigenda skal haldinn. Skirrist útgefandi við að birta fundarboð er eftirlitsaðila heimilt að láta birta tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostnað. Útgefanda er heimilt að tjá sig á fundi skuldabréfaeigenda, en skal víkja af fundi áður en atkvæðagreiðsla hefst.<br><br>Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda miðast við fjárhæð skuldabréfaeignar hvers skuldabréfaeiganda í hlutfalli við útistandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins. Skal eignarhlutfall hvers skuldabréfaeigenda miðast við skráða eign þeirra í lok þess dags sem fundur skuldabréfaeigenda er boðaður. Eigi útgefandi hluta skuldabréfanna skal sá hluti ekki bera atkvæðisrétt, og eignarhlutfall annarra skuldabréfaeigenda því verða hlutfallslega hærra sem nemur skuldabréfum í eigu útgefanda.<br><br>Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Komi til þess að félagið sé ekki með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta skal framangreint sent Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem kemur upplýsingum áleiðis til skuldabréfaeigenda. |
| Arðgreiðslur: | Greiðsla arðs, kaup á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár til greiðslu til hluthafa er heimil innan þeirra marka sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist. Skilyrði fyrir arðgreiðslu, kaupum á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár, í hvaða formi sem hún kann að verða, er að engar vanefndir samkvæmt skuldabréfunum séu til staðar eða séu fyrirsjáanlegar vegna aðgerðarinnar. Óheimilt er að greiða arð, kaupa eigin hlutabréf eða lækka hlutafé fari eiginfjárhlutfall útgefanda við það undir 40%. |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| Upplýsingaöflun: | Útgefanda og eftirlitsaðila er á hverjum tíma heimilt að afla upplýsinga um skráða eigendur skuldabréfaflokksins frá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. |
| Skilmálabreyting: | Útgefanda er heimilt að óska eftir breytingu á skilmálum skuldabréfsins, en ákvörðun um slíkt skal taka á fundi skuldabréfaeigenda. Fundarboði skal fylgja yfirlit yfir tillögur útgefanda að breyttum skilmálum.<br>Tillögur að breyttum skilmálum skuldabréfanna teljast vera samþykktar ef 90% skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfanna. |
| Framsal: | Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. |
| Ágreiningsmál: | Rísi mál út af skuldabréfum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. |
| Afskráning: | Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram. |

*2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin sérstök hlunnindi eru tengd skuldabréfunum umfram það sem skilmálar þeirra bera með sér.

*2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Skattaleg meðferð skuldabréfa fer samkvæmd gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

Útgefandi mun ekki halda eftir staðgreiðsluskatti af greiðslum vegna skuldabréfanna. Skuldabréfaeigendur bera sjálfur ábyrgð á staðgreiðslu skatta vegna fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum.

*2.5 Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. ráðstafar útgefnum skuldabréfum á VS-reikning útgefanda nr. 79130 í Íslandsbanka.*

*2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem VS telur nauðsynlegar.*
Á ekki við.

## 3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*
HS Veitur hf., kt. 431208-0590
Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbær
Sími: +354 422 5200
Júlíus Jón Jónsson, forstjóri, julius@hsveitur.is

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160
Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Sími: +354 440 4000

3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*
Deloitte ehf., kt. 521098-2449
Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Sími: +354 580 3000
Hilmar Alfreðsson

3.3 *Nöfn, netföng og símar starfsmanna þeirrar reikningsstofnunar sem annast* útgáfulýsinguna.
Ellert Hlöðversson, ellert.hlodversson@islandsbanki.is
Sími: +354 440 4536

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

# 4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
Sjá meðfylgjandi fylgigögn.

4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*
Sjá meðfylgjandi fylgigögn.

4.3 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*
Íslandsbanki hf. Samningur milli aðila er bundinn trúnaði.

4.4 *Óski Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*
Á ekki við.

4.5 *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. telur nauðsynleg.*
Á ekki við.

Kópavogur, 26. janúar 2018

F.h. HS Veitna hf.

____________________________________

Júlíus Jón Jónsson
Forstjóri

F.h. banka/verðbréfafyrirtækis,

____________________________________

Ásmundur Tryggvason,
Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

# Skilmálar flokks

| | |
|---|---|
| Útgefandi | HS Veitur hf. |
| Kennitala | 431208-0590 |
| Heimilisfang | Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbær |
| | |
| Skuldabréf/víxlar | Skuldabréf |
| Auðkenni (Ticker) | HSVE 310138 |
| ISIN númer | IS0000029650 |
| CFI númer | D-B-F-U-F-R |
| Skráð rafrænt | Já |
| Tegund afborgana | Jafnar greiðslur |
| Útgáfuland | Ísland |
| Gjaldmiðill | ISK |
| Dagsetning töku til viðskipta í Kauphöll | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Orderbook ID | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Undirflokkur | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Markaður | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Veltulisti | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Nafnverðseining í verðbréfaskráningu | 20.000.000 ISK |
| Heildarheimild sbr útgáfulýsingu | 5.500.000.000 ISK |
| Heildarútgáfa | 5.500.000.000 ISK |
| Upphæð tekin til viðskipta nú | 5.500.000.000 ISK |
| Útgáfudagur | 31.1.2018 |
| Fyrsti gjalddagi höfuðstóls | 31.7.2018 |
| Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina | 40 |
| Fjöldi á ári | 2 |
| Lokagjalddagi höfuðstóls | 31.1.2038 |
| Vaxtaprósenta | 2,98% |
| Vaxtaruna ef breytilegir vextir | n/a |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| Álagsprósenta á vaxtarunu | n/a |
| Reikniregla vaxta | Einfaldir |
| Dagaregla | 30/360 |
| Fyrsti vaxtadagur | 31.1.2018 |
| Fyrsti vaxtagjalddagi | 31.7.2018 |
| Fjöldi vaxtagjalddaga á ári | 2 |
| Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina | 40 |
| Vístölutrygging | Já |
| Nafn vísitölu | Vísitala neysluverðs til verðtryggingar |
| Dagvísitala eða mánaðarvísitala | Dagvísitala |
| Grunngildi vísitölu | 447,16 |
| Dags. grunnvísitölugildis | 31.1.2018 |
| Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta (e. dirty price/clean price) | n/a |
| Innkallanlegt | Nei |
| Innleysanlegt | Nei |
| Breytanlegt | Nei |
| Aðrar upplýsingar | Nei |
| Viðskiptavakt | Nei |
| Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.) | Nei |
| Verðbréfamiðstöð | Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. |
| Umsjónaraðili – taka til viðskipta | Íslandsbanki |
| Ef óreglulegt greiðsluflæði, þá hvernig | n/a |
| Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um? | Nei |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.